

Priðjudaginn 7. maí 1996.

Nr. 166/1996. **Vífilfell ehf.**

(Hreinn Loftsson hrl.)

gegn

**Gjaldheimtunni í Reykjavík**

(Sigrún Guðmundsdóttir hrl.)

Kærumál. Kæruheimild. Frestun máls. Frávísun frá Hæstarétti.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Sigurður Líndal, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 24. apríl 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 30. sama mánaðar. Kærð er ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur 15. apríl 1996 um að fresta máli sóknaraðila á hendur varnaraðila til ógildingar á fjárnámi, sem sýslumaðurinn í Reykjavík gerði 10. nóvember 1995 fyrir kröfu varnaraðila, þar til fyrir liggir úrskurður yfirséðanefndar um kæru sóknaraðila á þeim opinberu gjöldum, sem fjárnámið var gert fyrir. Sóknaraðili krefst þess, að ákvörðuninni verði hrundið og að lagt verði fyrir héraðsdóm að kveða upp úrskurð um frestun málsins.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hin kærða ákvörðun verði staðfest. Í báðum tilvikum krefst varnaraðili kærumálskostnaðar.

Mál sóknaraðila á hendur varnaraðila var tekið fyrir á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur 15. apríl 1996 að viðstöddum lögmönnum beggja aðila. Var þar kynnt ákvörðun, sem dómurinn tók af sjálfsdáðum samkvæmt 3. mgr. 102. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 94. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, um að fresta málinu, þar til úrslit yrðu fengin um fyrrgreinda stjórnslukæru sóknaraðila. Samkvæmt endurriti úr þingbók gerðu lögmenn aðilanna engar athugasemdir við þessa ákvörðun. Var form hennar því í samræmi við fyrri málslið 1. mgr. 112. gr. laga nr. 91/1991.

Samkvæmt 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991, sæta úrskurðir héraðsdómara í málum til ógildingar á aðfarar-

gerð kæru til Hæstaréttar eftir sömu reglum og gilda í almennum einkamálum. Í 1. og 2. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 eru tæmandi taldar heimildir til að kæra úrskurði, sem ganga undir rekstri einkamáls fyrir héraðsdómi, en hvergi er þar getið sjálfstæðrar heimildar til að kæra ákvörðun héraðsdómara. Kæruheimild í 3. mgr. sömu greinar nær ekki heldur til þess að leita efnislegrar endurskoðunar á slíkum ákvörðunum. Samkvæmt þessu skortir heimild fyrir kæru í máli þessu, og verður að vísa því frá Hæstarétti.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af kærumálinu.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

---